

Nd.

## 211. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein (er verði 1. gr.), þannig:  
Ríkisstjórnin skipar átta manna nefnd -- tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.).
  - a. Í stað „43 millj.“ komi: 60 millj.
  - b. Á eftir orðinu „freðfisks“ komi: saltfisks og skreiðar.
  - c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:  
Heimilt er að verja á árinu 1964 allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt er að starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga, uppbætur á sumarveiddan bátafisk, annan en sild, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórnin hlutist til um, að afurðalán Seðlabanka Íslands verði 67% af fob.-verði sjávarafurða og 67% af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða.  
Vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).  
Verðlagsráð sjávarútvegsins skal reikna út fiskverð fyrir árið 1964, er miðist við það, að lækkun á vaxtakostnaði fiskvinnslustöðva samkvæmt þessari grein gangi til hækkunar á fiskverðinu.
5. Við bráðabirgðaákvæði frv. bætist nýr staflíður, þannig:
  - c. Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ríkisstjórnin skipa 7 manna nefnd til að gera tillögur um stofnun og rekstur fiskiðnskóla. Nefndin sé skipuð fiskmatsstjóra og einum manni tilnefndum af hverjum eftirgreindra aðila: ferskfiskeftirlitinu, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda og sildarútvegsnefnd. Nefndin skal skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. sept. þ. á. og ríkisstjórnin síðan leggja frumvarp til laga um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþingi.